

lærisveinar skólans samkvæmt því geti æft sig með byssunum í skothýsi félagsins hvenær sem þeir vilja, en að meining yðar, er þér stunguð uppá því, að skilmálinn yrði settur félaginu, hafi verið, að lærisveinum aðeins gæfist kostur á að hafa not af byssunum og skothýsinu á þeim tímum, er ætlaðir yrði til skotkennslu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að með því að stjórnarráðið er samdóma yður um skilninginn á hinu tiltekna skilyrði, þá verður fyrstæður úrskurður stjórnarráðsins að standa óraskaður, en það er undir yður komið, að gefa sækendum visbendingu um réttan skilning á úrskurðinum.

1870.
31. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til aðalskattastjórnarinnar, um breytingu á skipsnafni.

31. maí.

Um leið og aðalskattastjórnin sendi hingað meðfylgjandi bænarskrá, sem stjórnarráðið nú sendir aptur með tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem kaupmaður C. F. Siemsen í Reykjavík sækir um leyfi til að breyta nafninu á skonnortuskipi »Katrínu«, sem hann hefir keypt, en áður átti heima á Faney, og er að stærð 92⁴⁴/₁₀₀ »registertons«, samkvæmt þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, dagsettu 12. júlím. f. á., og eptirleiðis láta skipið heita »Reykjavík«, hefir skattastjórnin getið þess í bréfi, dagsettu 19. febrúarm. þ. á., að ekkert sè nafnabreytingu þessari til fyrirstöðu frá sinni hálfu, og það því síður, sem þetta skip framanaf kemst ekki innundir skrásetningarlögin, er þau fyrst öðlast gildi, að svo miklu leyti er snertir Ísland, 1. ágústm. þ. á. Skattastjórnin hefir þar næst látið það í ljósi, að efasamt gæti verið, eins og aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir dregið á í álittskjali sínu um þessa bænarskrá, hvort sækjandinn hafi heimild til að láta skip sín sigla með dönsku flaggi, þó hann reyndar sè eigandi að verzlunarstað í Reykjavík, en muni eiga heima í Hamborg, og hefir skattastjórnin skotið því til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, að hve miklu leyti megi álíta, að sækjandinn búi að sömu kjörum og þeir, sem í raun rættri eiga heima á Íslandi.

1870.
31. maí.

Um leið og stjórnarráðið sendir skattastjórninni álitsskjal frá stiptamtmaninum á Íslandi um þetta efni, sem sýnir, að það virðist svo, sem sækjandi hafi danskan þjóðernisrètt, en á hinn bóginn eigi heima í Hamborg og hafi þar skrifstofu sína, verður það að álíta eptir því, sem stiptamtmaður hefir skýrt frá málavöxtum, að sækjandi hafi ekki rètt til að eiga skip undir dönsku flaggi.

31. maí. **41. Bréf kirkju- og kennlustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er hárust stjórnarráðinu með bréfi yðar, dagsettu 2. þ. m., um það; hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárhagslögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig: Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi. . . 15 rd.

— Þorgrími G. Thorgrimsen í Belgsholtskoti (frá Saurbæ)	20 -
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	30 -
Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum)	15 -
— Rannveigu Vigfúsdóttur (frá Staðarhrauni)	15 -
— Helgu Jónsdóttur (frá Gilsbakka)	30 -
— Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg)	15 -
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala þingum)	20 -
— Helgu Arnfinnsdóttur (ekkjju Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi)	8 -
— Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði)	15 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum)	20 -
— Þóru Auðunnardóttur (frá Mosfelli)	20 -